

Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby
Stjórnsvísluhús
400 Ísafjörður



Efni: Breyting á deiliskipulagi afrennslissvæðis Mjólkárvirkjana, Ísafjarðarbæ


Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 1. september 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi afrennslissvæðis Mjólkárvirkjana til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagsbla og var málsméðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 10. ágúst 2017. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 4. maí 2017. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að skipulagssvæði stækkar til austurs inn á Glámuhlendið um u.p.b. 10 km². Meðal annars er gert ráð fyrir fjórum nýjum veituskurðum, tveimur nýjum stíflum auk yfirfalla og lokuhúsa. Einnig verður byggt yfir spenna og tengivirkí í Borgarfirði.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dags. 21. apríl 2017 og á upprætti í mkv. 1: 2.000, dags. 12. maí 2017. Umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat áætlana er í greinargerð.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna formgalla. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst undir yfirschriftinni „Breyting á deiliskipulagi Mjólkárvirkjunar“. Í auglýsingum var breytingunni lýst á eftifarandi hátt: „Breytingin felur í sér breytingar á deiliskipulagmörkum vegna tilfærslu vinnubúða að Mjólká“. Megininntak deiliskipulagsbreytingarinnar er þó stækkan Mjólkárvirkjunar og er breytt afmörkun skipulagssvæðis einungis lítill hluti af breytingunni. Því er ekki hægt að telja að gerð hafi verið grein fyrir helstu efnisatriðum deiliskipulagstillögunnar í auglýsingunni líkt og kveður á um í gr. 5.6.2. í skipulagsreglugerð. Að mati Skipulagsstofnunar var orðalag auglýsinga villandi og þess öllis að fólk gæti mögulega talið deiliskipulagsbreytinguna varða vinnubúðir eingöngu.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagsbla.


Egill Þorarinsson